

Dagsetning
25.06.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, mál 118.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Hér er um að ræða viðtækar og almennar aðgerðir í fjármálum ríkisins varðandi tekjur og gjöld. Af fyrirhuguðum lagabreytingum verður ekki ráðið að þær varði hagsmuni landsbyggðarinnar sérstaklega, nema ef vera skyldi samdráttur í samgönguframkvæmdum. Það er þó ekki tilgreint með hvaða hætti hann verða útfærður. Stofnunin sér ekki ástæðu til þess á þessu stigi að gera athugasemdir við áformaðar lagabreytingar.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar